PRENTÞJÓNUSTA
TUNNAN
tunnan@tunnan.is
Sími: 467 - 1288

7 tbl. 35. árg.
22.-28. feb.-2023

S: 878-3399
Skíðasvæðið Skarðsdal
SIGLUFIRÐI

# LEIKHÚSFERÐ FYRIR LÍFEYRISÞEGA FÉLAGSINS

## Laugardaginn 11. mars nk. - Sýningin hefst kl. 15:00

Félagsmönnum sem eru lífeyrisþegar er boðið á leikritið Fólkið í blokkinni eftir Ólaf Hauk Símonarson sem verið er að sýna í Freyvangsleikhúsinu.

Vinsamlegast skráið ykkur sem fyrst á skrifstofum félagsins eða í síma 460 3600.
(Takið fram ef þið eruð utan Akureyrar, upp á bílfar til Akureyrar)




Rútuferð frá Alþýðuhúsinu á Akureyri kl. 14:15.

Akstur líka í boði frá Fjallabyggð, Dalvík og Grenivík.

Boðið verður upp á kaffiveitingar í hléi.

Athugið! Um takmarkað sætaframboð er að ræða.

**EINING-IÐJA STENDUR VÖRÐ UM RÉTTINDI ÞÍN!**
460 3600 | ein@ein.is | www.ein.is
Skipagötu 14 Akureyri | Hafnarbraut 5 Dalvík | Eyrargötu 24b Fjallabyggð

EINING-IÐJA

---

Raffó

vodafone

## Viðskiptavinir Vodafone athugið!

**Raffó ehf.** eru HÆTTIR sem umboðsaðilar Vodafone í Fjallabyggð.

Bendum á þjónustuver Vodafone í síma 1414

## PIXMA TS6350

Öflugur og vel búinn fjölnota prentari og skanni með 5 blekhylkjum. Þráðlaust netsamband.

**kr. 26.900,-**

**TUNNAN**

**S:467-1288**



Canon
PIXMA TS6350

A4 · Print · Copy · Scan · Hi-Res · Fast · Duplex · Wi-Fi · USB · AirPrint · Mobile

---

***BLABERA*** **VANTAR TIL AÐ BERA ÚT**

**TUNNUNA Á SIGLUFIRÐI.**

**HAFA SAMBAND: 467-1288 eða albert@tunnan.is**

---



# DAGATALSKUBBAR

**TUNNAN S: 467-1288**

**KUBBUR: 3500 - SPJALD: 1.000**

---

**SKILAFRESTUR FYRIR AUGLÝSINGAR Í TUNNUNA.**
**ÞURFA AÐ BERAST FYRIR KL. 10.00 Á ÞRIÐJUDÖGUM.**

---



# Fasteignasala í Fjallabyggð

VINNUM SAMAN Í HEIMABYGGÐ

Arndís Erla Jónsdóttir
Löggiltur fasteignasali og viðskiptalögfræðingur

S: 690-7282
arndis@fasteignamidlun.is

---

EINING-IÐJA

## ÞJÓNUSTUFULLTRÚI - FJALLABYGGÐ

Hefur þú áhuga á málefnum vinnumarkaðarins?

Eining-Iðja leitar að öflugum starfsmanni í lifandi og fjölbreytt 80% starf þjónustufulltrúa á skrifstofu félagsins í Fjallabyggð.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Þjónusta og samskipti við félagsmenn
- Símsvörun og úrvinnsla fyrirspurna
- Samskipti við séttarfélög, stofnanir og aðra hagsmunaaðila
- Ýmis önnur verkefni í samráði við yfirmenn

**Þekkingar- og hæfnikröfur**

- Haldgóð reynsla og/eða menntun sem nýtist í starfi
- Góð tölvukunnátta og áhugi á nýjungum og lausnum
- Framúrskarandi hæfni og lipurð í samstarfi og samskiptum
- Sjálfstæði, frumkvæði, skipulagshæfni og vilji til að takast á við fjölbreytt verkefni
- Góð færni í íslensku og ensku, kostur ef talar og/eða skilur fleiri tungumál

**Félagsvæði Einingar-Iðju nær frá Fjallabyggð að vestan til Grýtubakkahrepps að austan ásamt Hrísey og Grímsey. Félagið heldur úti öflugri þjónustu fyrir félagsmenn og leitast er við að tryggja þeim sem bestan aðgang að upplýsingum og þjónustu. Fjórtán starfsmenn starfa hjá félaginu á skrifstofum félagsins á Akureyri, Dalvík og í Fjallabyggð.**

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.
Umsóknarfrestur er til og með 6. mars 2023
Sótt er um starfið á www.mognum.is

Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda.

Nánari upplýsingar veita Sigríður Ólafsdóttir; sigga@mognum.is og Telma Eiðsdóttir; telma@mognum.is.

MÖGNUM

---

## SAMRÁÐSFUNDUR FERÐAÞJÓNUSTU Á TRÖLLASKAGA

**Menningarhúsinu Tjarnarborg miðvikudaginn 1. mars nk. kl. 14:00**

Dagskrá:

- Ferðaþjónusta, samvinna og nýsköpun;
  - Sigríður Ingvarsdóttir bæjarstjóri Fjallabyggðar
- Tækifærin allt árið;
  - Freyr Antonsson, Dalvíkurbyggð
- Samstaða og slagkraftur skilar árangri;
  - Rögnvaldur Már Helgason, Markaðsstofa Norðurlands
- Visittrollaskagi.is; framtíð vefsíðunnar
- Opnar umræður

Allir hjartanlega velkomnir.

Ferðaþjónustuaðilar á Tröllaskaga sérstaklega hvattir til að mæta

Fjallabyggð · Dalvíkurbyggð · Visit Tröllaskagi

# Skipulagslýsing -

## upphaf vinnu við deiliskipulag hafnarsvæðis Siglufjarðar

Bæjarstjórn Fjallabyggðar leitar ábendinga á fyrirhuguðu deiliskipulagsverkefni fyrir hafnarsvæðið á Siglufirði. Í skipulagslýsingu, sem gefin er út af Lilium teiknistofu fyrir Fjallabyggð, koma fram upplýsingar um forsendur, stefnu og fyrirhugað skipulagsferli. Tilgangur með útgáfu lýsingar er að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum.




Helsta viðfangsefni deiliskipulagsins er tryggja sambýli ólíkra atvinnugreina, þ.e. ferðamennsku og sjávarútveg og gefa kost á nýjum tækifærum.

Skipulagslýsingin sem er sett fram í greinargerð er til sýnis á tæknideild, í Ráðhúsi Fjallabyggðar og á heimasíðu sveitarfélagsins www.fjallabyggd.is.

Íbúum og hagsmunaaðilum er gefinn kostur á því að senda inn ábendingar varðandi viðfangsefni og markmið skipulagsins. Ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu Fjallabyggðar, Gránugötu 24, 580 Siglufirði
eða á netfangið iris@fjallabyggd.is fyrir lok 20. mars nk.

**Skipulagsfulltrúi.**